

STJÓRNARTÍÐINDI C 2 — 1971

9. september 1971.

225

Nr. 17.

AUGLÝSING

um samkomulag varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu.

Hinn 4. september 1971 var undirrituð í Reykjavík bókun um samkomulag milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og dönsku, norsku og sænsku ríkisstjórnanna hins vegar varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu, meðan flogið er á þessari flugleið með flugvélum af gerðinni RR 400.

Gildistaka samkomulagsins miðast við 4. september 1971.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. september 1971.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

Í samningaviðræðum milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og dönsku, norsku og sænsku ríkisstjórnanna hins vegar hefur náðst samkomulag um eftirfarandi skilmála varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu á flugleiðinni Skandinavía—Reykjavík—New York og New York—Reykjavík—Skandinavía, meðan flogið er á þessari flugleið með flugvélum af gerðinni RR 400 (allt að 189 sæta):

1. Loftleiðum er heimilt að fara á leiðinni Skandinavía—Reykjavík eða Reykjavík—Skandinavía allt að þrem vikulegum ferðum á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og sé hámarkstala farþega 160 í hverri ferð um sig, og allt að tveim vikulegum ferðum á tímabilinu 1. nóvember til 31. marz, og sé hámarkstala farþega 114 í hverri ferð um sig, og sé sætafjöldi (sædekapacitet) umfram þessar tölur ekki notaður.
2. Umsóknir um aukaferðir milli Íslands og Skandinavíu til þess að fullnægja tímabundnum þörfum á samgöngum milli þessara landa, t. d. vegna vörusýninga, ráðstefna o. þ. h., skulu sæta vinsamlegri meðferð.
3. Verð og skilmálar við farþega- og vöruflytning á flugleiðinni Skandinavía—Reykjavík og Reykjavík—Skandinavía skal vera hið sama og á hverjum tíma gildir fyrir IATA-félögin.
4. Fargjöld milli Skandinavíu og New York og New York og Skandinavíu með viðkomu í Reykjavík skulu ákveðin í samræmi við þau fargjöld, sem gilda hjá IATA-félögunum, þegar þessi bókun tekur gildi, með frádrætti, sem eigi má nema meiru en 10%. Hækki eða lækki þessi fargjöld á gildistíma bókunarinnar,

C 29

skal frádrátturinn reiknaður á grundvelli þeirra hækkuðu eða lækkuðu fargjalda, sem þannig koma fram.

Að öðru leyti skulu Loftleiðir í einu og öllu fylgja skilmálum IATA um farþegaflutninga, þar með varðandi útreikningsaðferðir á fargjöldum, gjald fyrir yfirvikt og umboðspóknun.

5. Gjald og skilmálar fyrir vöruflutning milli Skandinavíu og New York og New York og Skandinavíu með viðkomu í Reykjavík skulu ákveðast í samræmi við það gjald og skilmála, sem á hverjum tíma gilda um IATA-félögin.
6. Ef breytingar verða gerðar á IATA-verði eða skilmálum við farþega- eða vöruflutning, skulu Loftleiðir tilkynna skandinavískum loftferðayfirvöldum til samþykktar verð og skilmála, sem félagið hefur ákveðið í samræmi við tölulið 3—5. Skal þetta, ef unnt er, gert a. m. k. 90 dögum áður en ný verð og skilmálar taka gildi.
7. Hyggist Loftleiðir taka í notkun aðrar þotur en skráfupotur á einhverjum hluta þeirrar flugleiðar, sem um ræðir í bókuninni, skal að höfðu samráði breyta þeim verðmismuni, sem leyfður er skv. 4. tölulið.

Bókun þessi gengur í gildi frá undirskriftardegi og gildir þar til Loftleiðir taka í notkun aðrar þotur en skráfupotur á allri flugleiðinni Skandinavía—New York og New York—Skandinavía. Jafnframt falla úr gildi allar fyrri bókanir, sem kveða á um sætafjöld (kapacitet) og verðskilmála Loftleiða á flugleiðinni Skandinavía—New York og New York—Skandinavía með viðkomu í Reykjavík.

Gjört í Reykjavík hinn 4. september 1971 í fjórum samhljóða eintökum á íslenzku, dönsku, norsku og sænsku, og hafa allir þessir fjórir textar sama gildi.

Fyrir Ísland:

Einar Ágústsson.

Fyrir Noreg:

Lars Langåker.

Fyrir Danmörku:

Birger O. Kronmann.

Fyrir Svíþjóð:

Gösta Edling.

AUGLÝSING

um samkomulag varðandi flug Loftleiða til Skandinavíu.

Hinn 4. september 1971 var undirrituð í Reykjavík bókun um samkomulag milli íslenzku ríkisstjórnarinnar annars vegar og dönsku, norsku og sænsku ríkisstjórnanna hins vegar, varðandi flug Loftleiða á flugleiðinni Skandinavía—Reykjavík—New York og New York—Reykjavík—Skandinavía, þegar Loftleiðir taka í notkun aðrar þotur en skráfupotur á allri þeirri flugleið.

Gildistaka samkomulagsins miðast við 4. september 1971.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 9. september 1971.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.